



Menningar- og ferðamál - Styrkumsókn

Eyðublað EBL-102, Útg.5
Skjal nr: 354563
Engin aukenning
Minjasafn Egils Ólafssonar
5601840269

01.09.2024 23:50

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda * Minjasafn Egils Ólafssonar
Kennitala * 5601840269
Heimilisfang * Hnjóti, Örlygshöfn
Póstnúmer og staður * 451 Patreksfjörður
Símanúmer * 6942703
Netfang * museum@hnjotur.is
Umsjónaraðili Inga Hlín Valdimarsdóttir

Samstarfsaðilar

Heiti verkefnis *

Bátar á safnsvæði - Skúli Hjartar

Lýsing verkefnis eða viðburðar *

Á útisvæði Minjasafnsins á Hnjóti standa tveir bátar sem eiga sér sögu samhliða útgerð frá Patreksfirði. Skúli Hjartarsson BA250 var smíðaður á Bildudal árið 1946 og sá síðasti sem smíðaður var í bátasmiðju Gísla Jóhannssonar. Báturinn var ekki sjósettur fyrr en 1958. Um er að ræða einn af stærstu súðbirtu bátum landsins og fáum sem enn eru varðveittir. Báturinn var alla tíð gerður út frá Patreksfirði, en eftir það var hann tekinn af skrá og færður á Hnjót 1997. Báturinn stendur á lóð safnsins og nú er unnið að því að gera hann upp í sýningarhæft ástand og gera sögu hans skil svo sómi sé að. Ágúst Österby, bátasmiður hefur tekið út ástand og metið kostnað og vinnur að verkefninu þegar styrkir fást og fjármagn leyfir.

Samfélagslegt gildi verkefnis eða viðburðar *

Engar beinar tekjur eru af verkefninu. Markmið verkefnisins eru að vinna að varðveislu bátsins Skúla og halda við sögu hans og að fegra útisvæði og umhverfi Minjasafnsins á Hnjóti sem er byggðasafn sýslunnar í eigu íbúanna. Safnið er í áfangastaðaáætlun svæðisins.

Bátarnir á safnasvæðinu eru gríðar vinsælt ljósmyndaefni og fjöldi ferðamanna sem stoppa til að skoða þá og ljósmynda frá ýmsum sjónarhornum. Útlit og umhverfi safnasvæðisins er mikilvægt, þar sem safnið er eitt af mest sóttu ferðamannastöðum sýslunnar. Í þeim er einnig fólgin útgerðarsaga svæðisins. Samhliða bátaviðgerðunum var boðið upp á fræðslu um bátaviðhald og varðveislu fyrir heima- jafnt sem ferðafólk og mun það styrkja tengsl safnsins út í samfélagið í V-Barðastrandarsýslu

Áætlaður kostnaður og hvernig tilkominn

Verkefnið hófst árið 2022 þegar styrkir fengust frá Menningar og ferðamálanefnd Vesturbyggðar og Orkubúi Vestfjarða. Framhald varð svo sumarið 2023 þegar 2,5 milljóna kr styrkur fékkst úr Fornminjasjóði til viðgerða á bátunum Mumma og Skúla Hjartarssyni. Kostnaðaráætlun, unnin af Ágúst Österby, smið, sem hefur unnið að viðgerðunum fyrir safnið fylgir með sem fylgiskjal.

Á árunum 2022-23 hefur verið unnið að því að hreinsa skemmda hluta bátsins í burtu (stýrishús, neðra dekk, dekkbita og fúin bönd). Síðan var komið fyrir stuðningi undir skutinn, böndin styrkt og þau og skrokkurinn olíuborin, viðgerðir á byrðingi hafnar, nýjum dekkbitum komið fyrir og byrjað að leggja dekkið. Þá var byggð grind yfir bátinn og breitt yfir hann til að verja yfir veturinn.

Styrkurinn verður notaður til að halda áfram við að lagfæra Mummann og tryggja að hann eyðileggist ekki. Framvinda verksins fer eftir hve mikið fé fæst úr öðrum sjóðum. Í öðrum áfanga er miðað við að halda áfram að með dekkbitana, dekkið og böndin alveg aftur í skut. Rammanum undir stýrishúsið verður komið fyrir, klárað að lagfæra byrðinginn, laga

lunninguna og mála skrokkinn.

Mótframlag Minjasafns Egils Ólafssonar verður í formi smíðaaðstöðu og gistingu fyrir iðnaðarmann í starfsmannahúsi safnsins. Þá mun minjasafnið leggja til efni og starfsmenn safnsins mun aðstoða við undirbúning, vinnu á meðan á verki stendur og frágang að verki loknu, samtals a.m.k. til jafns við styrkuppþæð.

Áætlaðar tekjur og hvernig tilkomnar

Engar beinar tekjur eru af verkefninu í formi peninga. Markmið verkefnisins eru að vinna að varðveislu bátsins Skúla og halda við sögu hans og að fegra útisvæði og umhverfi Minjasafnsins á Hnjóti sem er byggðasafn sýslunnar í eigu íbúanna.

Styrkir til viðgerða á báðum bátunum á útisvæði safnsins hafa áður fengist frá Menningar- og ferðamálaráði (200.000 kr.) og einnig hefur safið hlotið styrki úr Orkubúi Vestfjarða (100.000 kr.) og Fornminjasjóði (2.500.000 kr.). Samtals 2.800.000

Styrkuppþæð *

150000

Fylgigögn

Fylgigögn

[Mummi og Skúli áætlun jan2024.xlsx](#)

Fylgigögn

Undirskrift / Dags

Dagsetning og undirskrift umsækjanda

1.9.2024 Inga Hlín Valdimarsdóttir